

Fundargerð háskólaráðs 4.nóvember 2019

Glanni kl. 14.00

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Dagný Kristinsdóttir Framkvæmdastjóri kennslu- og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir fulltrúi starfsmanna, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema, Leifur Finnbogason (fulltrúi grunnema,) Erna Kaaber fulltrúi meistaranema (Skype), Stefán Kalmannsson gæðastjóri.

Áheyrnarfulltrúi: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Fjarverandi; Magni Freyr Möller Magnússon fulltrúi Háskólagáttarnema

1. Fundargerð síðasta fundar.

Frestað.

(Innskot fundarritara: Á næsta fundi verður tekin fyrir fundargerð fundar frá 15.maí, 14.október og 4.nóvember).

2. Fjármál – drög að rekstraráætlun.

HS fer yfir stöðu fjármála á fyrstu níu mánuðum ársins. Gert ráð fyrir að skólinn verði rekinn réttu megin við núllið. Rekstraráætlun 2020 kynnt. Áætlaðar tekjur tæpar 970 milljónir, gjöld um 913 milljónir. Rekstur tölvukerfa er há fjárhæð þar sem verið er að endurnýja kerfi og uppfæra. Húsnæðisliður heldur hærrí þar sem viðhald hússins er í forgangi. Spurt út í aðkomu Íbúðalánasjóðs en fulltrúar hans hafa verið að kanna ástand húsnæðis á staðnum. HS gerir grein fyrir þessum samskiptum.

3. Stefna skólans 2020-2023

VE fer yfir undirbúning á stefnu skólans. Er skrifuð á ensku að þessu sinni.

Farið yfir styrkleika og veikleika í stefnu skólans og hver sýn skólans er til framtíðar. Gert ráð fyrir 15% fjölgun íslenskra nemenda og að fleiri erlendir greiðandi nemendur komi í skólann. Rætt um rannsóknarhlut skólans, fjölgun doktora og akademíks starfsfólks.

4. Friðun eldra skólahúsnæðis

VE fer yfir bréf sem kom frá Minjastofnun en stofnunin hefur það að markmiði að friðlýsa elsta hluta skólahúsnæðis, Kringlu og Forsetastofu, gang á milli húsanna og málverk sem er á tengingangi. Getur haft í för með sér bindingu og kostnað fyrir skólann.

Friðunin nær til ytra byrðis skólahúsnæðisins sem getur haft mikinn kostnað í för með sér. Skólinn þarf að svara bréfi stofnunarinnar fyrir 6.desember næstkomandi.

5. Gæðamál

Verið að vinna í verkefnum sem tengjast stofnanaskýrslu skólans. Framundan er fundur með fulltrúa gæðaráðs skólans þann 18.nóvember næstkomandi. Ytri ráðgjafinn kemur 12.-13.desember. Mikil vinna er í gangi í samantekt í tölfræði og úrvinnslu, úrvinnslu spurningakannana. Mikið af gögnum er þegar til. Verið að uppfæra tölfræðihefti frá árinu 2017. Rýnihópafundur með akademískum starfsmönnum verður haldinn seinna í nóvember þar sem rannsóknarhlutinn verður sérstaklega til umræðu.

Verkefnahópur er yfir þessu verkefni, hann hefur lagt línurnar en fyrir liggur hvað þarf að gera og hvernig. Þarf að vinna þá vinnu. Vinna á að vera í gangi innan deildanna í tengslum við gæðastarfið.

SK veltir upp hvort við séum með þá rísorsa innan deildanna sem til þarf.

6. Samstarf við Kaospilot og Hjallastefnuna

a) Nýtt meistaranám og diplománám

DK kynnir stuttlega námskeið sem hún sat í Danmörku þar sem aðferðafræði Kaospilot var kynnt, svokölluð Learning arches. Undirbúningshópar hafa verið skipaður sem eiga að móta námslínurnar.

b) Samstarf við spánskar menntastofnanir.

VE kynnir afrakstur heimsóknar til Spánar þar sem sendinefnd skólans fór að skoða samstarf við European Business Factory. Þá kæmu þeir nemendur undir okkar verndarvæng. Coperfield myndi vera gæðafulltrúi okkar á staðnum. Skóli sem er öðruvísi skóli, en fyrst og fremst með meistanámi og svo námskeiðstengda starfsemi. Mennta fólk sem eru að koma út úr skólum með grunngráður og meistaraþráður. Á Spáni er mikið atvinnuleysi meðal háskólamenntaðs fólks. Fólk kemur til EBF til að fá praktíska reynslu og auka hæfni sína. Námið mikið í samstarfi við fyrirtæki. Alfarið verkefnavinna.

Námið er ekki í dag metið til ECTS eininga, það þarf að koma því á þann stað.

Búið að kynna í stjórn. Ferlið verður nokkrir fasar en myndi ekki klárast fyrr en í árslok 2021.

7. Önnur mál

Bjarni Heiðar

- kemur með hrós dagsins, Teitur – fær það. Lausnamiðaður og tekur allt með opnum örmum. Dagný fær einnig hrós fyrir að koma að staðnemunum og hlusta á þá, finna lausnir.
- Hefur áhyggjur af þróun með stundakennara. Margir hverjir virðast ekki hafa kennsluna í forgangi. Nefnir dæmi um áfanga sem lauk fyrir mánuði en enn er ekki búið að skila einkunum.
- Lýsir yfir áhyggjum sínum af því að kennarar mæta síður á vinnuhelgar.
- Rætt um þvottavélar. Búið að lengja opnunartíma. Staðnemunum hefur fækkað og aðgengi því væntanlega betra. Vantar að setja upp leiðbeiningar fyrir þvottaprógröm.

NS – kemur að samstarfi við menntastofnanir. Gott að taka tíma, skoða samstarfsaðila og gæði námsins. Samstarfsfélagar hafa áhyggjur af Bangladesh nemendum, t.d. hvernig þessi hópur sé samþykktur inn í skólann. Hver þekking hópsins sé.

BH – spyr hvort það sé rétt að hópur nemenda skili sér ekki til baka. Hvort hætta sé á að það fréttist út að hópur fari ekki til baka og Bifröst verði vettvangur til að komast til Evrópu.

VE segir að erfitt sé að skoða hver hugsun nemendanna er. En margir eru farnir af svæðinu, einhverjir af hópnum eru í Portúgal.

SK – spyr um kennslumat en 15% nemenda tók þátt.

Hafdís – ræddi um vinnuhelgi sem var haldin um liðna helgi. En nemendur sem þar voru ræddu talsvert um óliðlegheit hótelfarfsmanna, hótelfstjórans. Herbergi hafi verið skítug og maturinn vondur.

Sökum tímahraks voru síðustu tvö málin rædd stuttlega.

Fundi slitið 15.25.

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.